

# PÓRISVATNSPANKAR

Árni Hjartarson og  
Snorri P. Snorrason  
*Orkustofnun*  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

## JARDFRÆÐI

Pórisvatn er "móbergmyndunarvatn" stemmt uppi af móbergs- og bólstrabergshryggjum sem liggja að því að austan, sunnan og vestan, en við Pórisós að norðan er því haldið uppi af hraunstiflu. Vatnsstæðið hefur orðið til þegar Launöldumyndun svokölluð hlóðst upp í dal milli móbergshryggjanna. Sá dalur var framhald Póristungna til norð-austurs. Allar bergmyndanir við Pórisvatn eru rétt segulmagnaðar og virðast flestar myndaðar á nú-verandi segulskeiði. Þær eru því yngri en 700.000 ára. Elsta berg á svæðinu er þó eldra, en það er syrpa af basaltlögum í Póristungum. Löginn má tengja við svipuð lög í Búðarhálsi frá Jaramillo segulvíkinu, en þau eru 900.000 ára. Í Köldukvíslargljúfri eru basaltlög, sem virðast ganga inn undir Ósöldur. Þau koma aftur fram í eyjunni nyrst í vatninu. Líklegt er að basaltið myndi botninn í öllum dýpstal hluta vatnsins og teygi sig allt suður undir Grasatanga og Vatnsfell. Útbreiðsla þessarar basaltmyndunar skiptir miklu fyrir hugsanlegt streymi grunnvatns undir Pórisvatn. Þeim mun sunnar sem basaltlöginn ná, því minna grunnvatns frá straumi sem gengur undir vatnið er að vænta í lindum í Póristungum. Margt bendir til að basaltlöginn séu vel hulin jökulbergi. Þess er því að vænta að þessi lög séu mun þéttari en yngri bóberg-myndanir.

Ofan á þennan basaltgrunn leggjast viðáttumiklar móbergmyndanir. Elst þeirra er þétt móbergstúff í Ósöldum. Utan í því er lag af andesiti, Harðhausaandesiti. Mörg örnefni við Pórisvatn, bæði opinber og óopinber, eru runnin frá virkjana-

mönnum sem þar hafa dvalið löngum stundum á síðstuðu áratugum. Harðhausar er eitt þeirra. Það er komið frá Sigurði Thoroddsen verkfræðingi, en hann gaf nöfn víða. Ósöldumyndun og Harðhausar hverfa undir Launöldumyndunina og ekki er á hreinu, hvernig afstaða þeirra er til Lænufells- og Sigöldumyndunar við sunnan og vestanvert vatnið (mynd 1).

Lænufellsmyndun sem er nær eingöngu bólstra- og kubbaberg gengur hvergi að Pórisvatni sjálfa á yfirborði en gæti teygt sig alllangt inn undir yngri myndanir í þá áttina. Þetta berg er í Lænufelli, Fossöldu, Miðoldu og víðar. Stórar lindir fyrir ofan Lindakot í Póristungum koma úr þessari myndun. (Elsa G. Vilmundardóttir ofl. 1988)

Sigöldumyndun sem leggst ofan á Lænufells-myndunina á móts við Lænufell, teygir sig að Pórisvatni við Snoðnufit og Grasatanga og endar líklega í þverbröttum landgrunnshlíðunum í vatninu út af Grasatanga. Í Grasatangadjúpi, sem er eins og úthafsrenna á vatnsbotnинum rétt undan landi við tangann, er einn dýpstal staður Pórisvatns. Sigöldumyndun má skipta í tvennt, túffhluta sem mest ber á suðvestur af Grasatanga, og bólstrabergs-hluta þar suður og austur af. Þó hér sé líklegast um samtímagyndun að ræða þá liggur bólstrahlutinn ofan á túffinu. Lindirnar í Stóragili í Póristungum koma flestar úr breksíu tengdri þessari myndun.

Meðfram vesturströnd Austurbotna er dílótt móberg sem nefnt hefur verið Austurbotnamyndun. Bergið minnir um margt á Sigöldumyndunina en er þó dflóttara. Berg þetta sést á einum stað austan vatnsins og virðist þar stingast undir Vatns-

fellsmyndunina. Austurbotnamyndun samsvarar einna helst túffhlutanum í Sigoldumyndun. Þar gæti verið um samtímanyndun að ræða.

Vatnsfell tilheyrir viðáttumikilli móbergsmyndun, sem teygir sig frá Sigoldulóni og meðfram austurströnd Þórisvatns allt norður fyrir Austurbotna og þaðan langt í austur. Á svæðinu milli Þóristinds og Lænufells er mikil "bólstrabreiða", sem tilheyrir þessari myndun. Lindirnar í Útkvíslarbotnum koma flestar úr henni.

Útigönguhöfði er úr stakdflóttu bólstrabergi og líkist mjög Vatnsfellsmyndun.

Launöldumyndunin er sennilega ein yngsta ísaldarmyndunin á Þórisvatnssvæðinu. Myndunin leggst ofan á Sigoldumyndun og er alstaðar eftir staflanum. Þetta er all viðáttumikil og afar lek bólstrabergsmýndun og er ábyrg fyrir miklu af lekanum úr Þórisvatni. Ofan á bólstrabreiðum þessarar myndunar er slítrött jökulbergsskæni, sæmilega harðnað, en það er þó hvergi að finna, þar sem það gæti dregið úr leka úr Þórisvatni inn í myndunina. Lindirnar í Rjúpnadal, í Trippagili og í suðurhluta Þóristungna koma úr henni.

Túffgígurinn Brandur á austurbakka Þórisvatns er gerður úr lagksiptu túffi. Suðvestur frá Brandi gengur sprunga, sem gubbað hefur úr sér hrauni á stöku stað. t.d. Skeifuhrauninu við Fellsendavötn, og norðaustur af Brandi standa fornir gigar upp úr Veiðivatnahrauni (Drekahrauni) á sömu línu. Þessar gosmyndanir eru hugsanlega af sama aldri og Brandur sjálfur. Grettistök í hlíðum Brands sem lengi þóttu merki þess, að jökull hefði gengið yfir gíginn eru ekki þangað komin með jöklum, heldur er hér um að ræða uppkast úr gígrásinni. Sé Brandur af sama aldri og Skeifuhraun hefur hann myndast snemma á nútíma.

## ÍSALARLOK

Jöklar hafa skriðið eftir Þórisvatnslægðinni áður en vatnið varð til. Allvíða hafa þeir skilið eftir sig jökulruðning í lægðum. Í eyjunni úti fyrir Ósöldum má sjá tvö jökulberglög hvort ofan á öðru og jökulruðning þar ofan á. Neðra jökulbergið er rispað eftir jökul sem hafði skriðstefnu í suðvestur, eftir vatninu endilöngu. Slítrött jökulbergs- eða ruðn-

ingslag er líklega víða á botni vatnsins.


Jökulrispur sýna, að síðustu jökultungur yfir Þórisvatni hafa hopað til austurs. Fyrstu merki Þórisvatns hafa því birst sem jökullón við vesturströnd vatnsins. Ummerki þessara lóna sjást enn í fornum vatnsfarvegum út frá þeim um lægðirnar við Grasatanga og í Rjúpnadal. Við áframhaldandi bráðnun jöklusins hefur vatnið síðan fengið útfall til suðurs vestan Vatnsfells, þar sem nú er Vatnsfellskurður. Á öllum þessum stöðum hefur rennslíð þó verið skammvinnt, því fljóttlega eftir að bóla fór á vatninu undan jökulsvellinu hefur útfall þess við Þórisós orðið ísfrítt.

## NÚTÍMI

Þórisvatn hefur tekið umtalsverðum breytingum gegnum tíðina, bæði af náttúrunnar völdum og vegna mannlegrar athafnasemmi (mynd 2). Framan af Nútíma hefur vatnsborð þess staðið nokkru lægra en síðar varð. Menjar lægra vatnsborðs sjást m.a. á grynnungum í vatninu og landgrunnsbrún í ca. 550-560 m y.s. þar sem gamla ströndin var. Þá er einnig næsta sennilegt, að vatnið hafi teygjist lengra til norðurs og austurs en það gerir nú á þeim slóðum sem Veiðivatnahraunið (Drekahraun) þekur land austan Þórisóss. Hugsanlegt er að jökulkvíslar frá hopandi jöklum hafi þá fallið í Þórisvatn norðan við Útigönguhöfða og úr því astur um Þórisós. Ekki er heldur útilokað að Kalda-kvísl sjálf hafi runnið til Þórisvatns. Eldvirkni og hraunrennslí frá norðanverðri Veiðivatnareininni snemma á nútíma höfðu áhrif á rennsli Köldukvíslar. Flagðahraun, sem Elsa G. Vilmundardóttir o.fl. (1988) telja vera rúmlega 8000 ára, þrýsti ánni til vesturs sunnan við Þveröldu og upp að Sauðafelli og markaði henni þann farveg sem hún fylgir enn á þessum slóðum.

Snemma á Nútíma verður gos á sprungu austan til við Þórisvatn. Þá myndaðist Skeifuhraun og líklega túffgígurinn Brandur, en hann er dæmigerður fyrir eldstöð, sem gosið hefur í vatni. Gosið hefur átt sér stað rétt við ströndina og fyllt upp dálitinn bug sem þar var. Vatnið hefur strax tekið að rjúfa gíginn niður og myndaði um leið eiði úr efninu úr honum sem að lokum skildi Austurbotna frá aðal-

## GOSMYNDANIR VIÐ ÞÓRISVATN



### *MYND 1. Jarðfræðikort af Þórisvatni*

vatninu. Þá hafa verið tvö vötn í Þórisvatnslægðinni. Minjar þessa eiðis sjást sem gryningar í 550-560 m y.s. í mynni Austurbotna og teygja sig frá Brandi og yfir í eyna sem þar er nú. Fyrir hækkun Þórisvatns 1971 var eyjan höfði sem tengdist Útigönguhöfða með malareiði.

Í Vatnsfellsskurði innan við númerandi stíflu var komið niður á jarðvegslög undir vatnaseti, sem grafið var í þegar skurðurinn var dýpkaður sumarið 1983. Jarðvegurinn hefur orðið til á burru landi sem síðar hefur kafsfærst vegna hækunar í vatninu. Í jarðvegssniðum, sem þarna hafa verið tekin, sést að fyrir rúnum 3000 árum hækkaði verulega í vatninu (Árni Hjartarson og Snorri P. Snorrason 1985). Þá hafa vötnin tvö sameinast á ný (mynd 2).

Ástæðan fyrir vatnsborðshækuninni var gos í eldstöðvum við Heljargjá austur af vatninu. Frá þeim rann gríðar hraun, Veiðivatnahraun, út í norðurhluta vatnsins og stíflaði upp ósinn. Elsa G. Vilmundardóttir (1988) telur hraunið vera lítið eitt eldra en vikurlagið H3 og um 3200 ára gamalt. Líklega er þetta hluti af Tungnárhrauninu TH-i, eða Búrfellshrauni. Örnefnið Veiðivatnahraun á ekki allskostar vel við um þetta hraun því það er 20 km norðan Veiðivatna og ekki frá vötnum runnið. Á nýjustu jarðfræðikortum er það nefnt Drekkhraun (Elsa G. Vilmundardóttir o.fl. 1988)

Þótt Þórisvatn hafi hækkað og dýpkað um rúma 20 m í þessum eldsumbrotum, virðist flatarmál þess hafa minnkað, því hraunið rann út í norðaustur hluta vatnsins á breiðum kafla og þrengdi að því þar. Út í Veiðivatnahrauni, 4 km austur af Þórisvatni, er borholan JV-2. Í henni er neðra borð hraunsins í 750 m y.s. eða í sömu hæð og vatnsborð Þórisvatns var fyrir gosið. Vatnið kann því að hafa teygt sig allt austur undir þessa borholu.

Eftir þetta gos fyrir 3200 árum hefur Þórisvatn ekki tekið verulegum breytingum af náttúrunnar völdum. Vatnsborð þess var í 571 m til skamms tíma og afrennsli þess var til norðurs um Þórisós þar sem félundur meðaltali um  $10-15 \text{ m}^3/\text{s}$  af lindavatni til Köldukvíslar.

## LÓNAGERÐ Í NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ





Náttúrulögðum leika ekki lausum hala lengur. Í árslok 1971 taka að verða breytingar á Þórisvatni, sem enn er ekki séð fyrir endann á. Miðlunar-mannvirkin við Vatnsfell voru tekin í notkun 1. desember 1971, en Köldukvísl var veitt til vatnsins 15. ágúst 1972. Þá mynduðust Sauðafellsþón í farvegi Köldukvíslar og Óslón ofan við stífluna í Þórisósi, sem fljóttlega sameinaðist Þórisvatni. Í framhaldi af því breyttist Þórisvatn sjálfst úr blátæru lindavatni í grænleitt jökulvatn, stærsta miðlunar-lón á Íslandi. Sumarið 1973 hafði allt vatnið tekið á sig jökullit nema Austurbotnar. Sumarið 1974 komst vatnsborðið í 575-576 m y.s. og þá var Þórisvatnslón fullt.

Í nánustu framtíð er stefnt að því að stækka Þórisvatnsmiðlun annað hvort með því að hækka vatnsborðið í allt að 581 m eða með jarðgöngum gegn um Vatnsfell og ná með þeim meiri niðurdrætti í vatninu.

## GRUNNVATNSSTRAUMAR

Við Þórisvatn má aðgreina nokkra grunnvatnsstrauma. Austan vatnsins er tiltölulega hlýr straumur. Vatn úr honum kemur fram í lindum í Austurbotnum og í Útkvíslarbotnum. Einkennishiti straumsins er 4,5-5,0 gráður. Honum má fylgja allt niður í Hrauneyjar. Til hliðar við þennan grunnvatnsstráum er Veiðivatnastraumurinn, en hann kemur hvergi að Þórisvatni. Sunnan Þórisvatns er kaldur grunnvatnsstraumur, sem rekja má í lindum og borholum vestur fyrir vatnið, allt að Álfasafitjum. Hér virðist vera um lekavatn úr Þórisvatni að ræða. Einkennishiti þess er 2,0-3,0 gráður. Helstu lindasvæði straumsins eru í Þóristungum. Við norðanvert Þórisvatn, en sá hluti vatnsins er stundum nefndur Óslón, eru lindir grunnvatnsstraums, sem streymir um Veiðivatnahraun úr norðaustri niður með Köldukvísl. Við Þórisós fer lekavatn þverrandi og lindir minnka vegna þettingaraðgerða við Köldukvíslarstíflu.

Náttúrulegt lindarennsli til Þórisvatns reiknast um  $18 \text{ m}^3/\text{s}$  að meðaltali. Við hækkað vatnsborð eru líkur á að innrennslið minnki lítillega. Lekinn úr vatninu er áætlaður  $9 \text{ m}^3/\text{s}$  við óraskað vatns-



MYND 2. Próun Pórisvatns frá ísaldarlokum. 1. Ísaldarlok 8000 f Kr. 2. Fyrri hluti nútíma 8000 - 3200 f Kr. 3. Seinni hluti nútíma 3200 - f. Kr. - 1971 e. Kr. 4. Núverandi ástand.

borð en eykst þegar vatnsborðið er hækkað. Um vatnabúskap Þórisvatns er fjallað nánar í næsta kafla.

## VATNAFRÆÐI

Þórisvatn er næst stærsta vatn landsins og langstærsta miðlunarlón raforkukerfisins. Á meðfylgjandi töflu sjást helstu einkennistölur þess á ýmsum stigum í sögu þess (tafla 1).

*TAFLA 1. Einkennistölur Þórisvatns.*

	1	2	3
Flatarmál km <sup>2</sup>	50	70	83
Rúmmál Gl	1700	2900	3300
Mesta dýpi m	89	109	115
Meðaldýpi m	21	41	
Mesta lengd km		14	20
Vatnsborðshæð m y.s.	551	571	576
Vatnasvið km <sup>2</sup>	145	1700	

1. Tímabilið frá því er ísöld lauk og þar til Veiðivatnahraunið rann. Ekki er gert ráð fyrir því að braunið hafi þrengt verulega að vatninu.
2. Tímabilið frá því Veiðivatnahraun rann þar og til 1971.
3. Núverandi hámarksstærð vatnsins.

Hér á eftir verður reynt að meta helstu þættina í vatnabúskap Þórisvatns, þ.e. innrennslí, lindarennslí, afrennslí, leka og vatnsjöfnuð. Mest er óvissan í lindarennslinu.

*Yfirborðsinnrennslí.* Yfirborðsvatnsvið hins náttúrulega Þórisvatn var aðeins vatnið sjálft og hlíðarnar upp af því og spilda til norðausturs frá Þórisósi inn á Veiðivatnahraun. Stærð þess hefur verið áætluð um 143 km<sup>2</sup> (Verkfæðistofan Vatnaskil 1983). Sáralítið stöðugt rennslí er til vatnsins á yfirborði nema því sem veitt er um Koldukvíslarveitu. Það virðist riflega áætlað að reikna með 1 m<sup>3</sup>/s meðalyfirborðsrennslí til vatnsins. Mest af því er leysingavatn, sem rennur til vatnsins í vetrarblotum og vorþíðum.

*Lindarennslí (grunnvatnsinnrennslí).* Fyrir tíma Koldukvíslarmiðlunar var grunnvatnssvið vatnsins miklu stærra en yfirborðsvatnsviðið og það dró að sér (og dregur enn) lindavatn um langar leiðir með grunnvatnsstraumum neðanjarðar. Hugsanlegt er, að grunnvatnssviðið nái talsvert inn undir Vatnajökul.

Lindainnrennslí í vatnið er aðallega á tveimur stöðum, við Botnavatn innst í Austurbotnum og undan Veiðivatnahrauni. Þessar lindir voru við Þórisós, en eru nú eftir stíflugerð í ósnum horfnar í Þórisvatn. Um magn þessa innrennslis eru aðeins til áætlaðar tölur.

Aðeins einu sinni hefur verið reynt að mæla rennslíð í lindunum í Austurbotnum (Sigurjón Rist 16. júlí 1958). Þá var mælt rennslíð í ósnum úr Botnavatni. Sú mæling gaf 2,3 m<sup>3</sup>/s, en að auki má gera ráð fyrir að eitthvað af vatni hafi sigið gegn um eiðið milli vatnanna. Utan eiðisins eru einnig lindir. Þetta er því algert lágmarksinnrennslí.

Pann 16. og 17. ágúst 1955 mældu vatnamælingamenn Orkustofnunar Þórisós bæði upp við útfallið úr Þórisvatni og við vaðið á ósnum þar sem mælirinn var síðar settur. Á fyrrri staðnum var rennslíð 5,9 m<sup>3</sup>/s en á þeim seinni 15,2 m<sup>3</sup>/s. Stærð lindanna við Þórisós hefir því verið um 9 m<sup>3</sup>/s. Eftir hækjun Þórisvatns með Koldukvíslarveitu hafa lindirnar við Þórisós bæst vatninu sem innrennslisháttur. Mælt lindarennslí til Þórisvatns er því um 11 m<sup>3</sup>/s. Þetta virðist vera allt of lágtala. Útreikningarnir hér á eftir benda til að það sé nær 19 m<sup>3</sup>/s.

Austan Þórisvatns er viðáttumikil "afrennslislaus lægð". Þetta er vatnafræðilegt fyrirbrigði og er skilgreint sem svæði, sem er umkringt af fjöllum og hæðum á alla vegu. Úrkoma sem fellur innan lægðarinnar getur ekki runnið frá henni á yfirborði lands. Annaðhvort hverfur hún brott með grunnvatnstreymi neðanjarðar ellegar með uppgufun. Raunar er þessi lægð aðeins hluti af mun stærra svæði sem er afrennslislaust. Segja má að allt svæðið milli Tungnár og Koldukvíslar, frá Veiðivötnum og Þórisvatni allt upp í jökul sé afrennslislaust á yfirborði.

Í afrennslislausu lægðinni austan Þórisvatns hverfur öll úrkoma í jörð, en birtist á ný í lindum skammt utan hennar s.s. í Botnavatni. Lægðin nær frá Fellsendavötnum og teygir sig norður með Þórisvatni um Vatnafellsmyndun og allt upp í Gjáfjöll. Þaðan markast hún af Ljósufjöllum og Snjóöldufjallgarði til suðurs, suður fyrir Litlasjó. Suðurjaðar hennar ræðst af hlykkjótri línu yfir gígavæði Vatnaaldna, um Þóristind og að Fellsendavötnum.

Flatarmál lægðarinnar er nálægt 400 ferkilómetrum. Innan hennar eru mörg stöðuvötn s.s. Littisjór, Hraunvötn og Fellsendavötn. Einnig eru þar lindir og lækir sem birtast og hverfa í auðnina á ný. Mesta vatnsfallið í lægðinni kemur upp í lindum neðan við Drekavatn. Lindavatnið myndar greinóttu sprænu sem kvílast um aurana neðan Dreka. Þann 7.9. 1984 mældist þessi kvísl um  $1,6 \text{ m}^3/\text{s}$  á móts við Klofnafell. Þá var grunnvatnsstaðan há. Við lága grunnvatnsstöðu minnkar þessi spræna verulega og getur gersamlega horfið.

*Vatnsjöfnuður* er úrkoma að frádreginni uppgufun. Úrkoma á Þórisvatnssvæðið um 800 mm/ár skv. Trausta Jónssyni (Árni Hjartarson 1986) Með hliðsþón af mælingum Markúsar Á. Einarssonar (1976) má áætla að uppgufun af Þórisvatni sé um 300 mm/ár. Vatnsjöfnuður Þórisvatns sjálfss er því 500 mm/ár. Í afrennsli gerir það rúman  $1 \text{ m}^3/\text{s}$ .

*Útrennsli.* Árið 1958 var VHM 94 settur upp við neðanverðan Þórisós og samfelloðar mælingar eru til frá 1. mars það ár. Stakar mælingar ná til ársins 1955. Mælirinn var lagður niður í ágústlok 1970, en þá tók mannvirkjagerð við ósinn að trufla frjálst rennsli úr vatninu.

Við þetta útrennsli bætist svo auðvitað Koldukvíslarveita frá árinu 1972 sem hér í þessum vangaveltum er látin jafna sig út.

*Leki.* Beinn leki úr Þórisvatni virðist koma fram við Þórisós, undan Ósöldum, í Áltafitjakvísl, og í Þóristungum. Alls koma þarna upp um  $13 \text{ m}^3/\text{s}$  af lindavatni þar af  $9 \text{ m}^3/\text{s}$  í Þóristungum. Meiri hluti vatnsins er leki úr Þórisvatni, en hluti virðist vera hlíji grunnvatnsstraumurinn, sem sígur fram austan Þórisvatns og fer e.t.v. að einhverju leyti undir suðurhluta vatnsins. Það vatn kemur upp í lindum Sporðöldukvíslar, Bæjarkvíslar og við Koldukvísl.

TAFLA 2. Rennsli um Þórisós 1959-1981 (Vatnaskil 1983).

Ár	Mælt rennsli	Ár	Reiknað rennsli
1959	$17,1 \text{ m}^3/\text{s}$	1970	$11,8 \text{ m}^3/\text{s}$
1960	15,2 -	1971	11,9 -
1961	16,2 -	1972	13,9 -
1962	13,9 -	1973	13,3 -
1963	12,7 -	1974	13,4 -
1964	12,9 -	1975	12,2 -
1965	9,6 -	1976	14,0 -
1966	8,7 -	1977	10,5 -
1967	9,8 -	1978	11,0 -
1968	11,1 -	1979	10,3 -
1969	10,6 -	1980	12,0 -
		1981	11,3 -
Meðalt.	12,5 -		12,1 -

Alls eru þetta  $2 \text{ m}^3/\text{s}$ . Hitamælingar í Þórisvatni gefa til kynna, að meðalhiti þess sé um  $2,5^\circ\text{C}$ . Lindahiti í Þóristungum er lítið eitt hærri, eða kring um  $3,0^\circ\text{C}$ . Þessi hitastigsmunur getur stafað af blöndun við hlíji grunnvatn, sem sígur úr norðaustri undir Þórisvatn, eða af upphitun lekavatnsins vegna hins almenna hitastiguls á svæðinu, nema hvort tveggja sé.

Ef reiknað er með að hitastigsmunurinn stafi af innblöndun hlíjs grunnvatns t.d.  $4,5^\circ\text{C}$  heitu eins og í Austurbotnum og að lindarennсли í Þóristungum innan Bæjarkvíslar sé um  $9 \text{ m}^3/\text{s}$  við ótruflað ástand Þórisvatns má reikna út blöndunarhlutfallið:

$$Q_{Tt} = X_{Th} + (Q - X) Tk$$

$$Q = \text{Heildarrennslið} = 9 \text{ m}^3/\text{s}$$

$$Tt = \text{Vatnshiti í Þóristungum} = 3,0^\circ\text{C}$$

$$Th = \text{Grunnvatnshiti í hlíja straumnum} = 4,5^\circ\text{C}$$

$$Tk = \text{Grunnvatnshiti í kaldra straumnum} = 2,5^\circ\text{C}$$

$$X = \text{Innrennsli hlíjs grunnvatns}$$

$$9 \text{ m}^3/\text{s} \times 3,0^\circ\text{C} = X \text{ m}^3/\text{s} \times 4,5^\circ\text{C} + (9 \text{ m}^3/\text{s} - X \text{ m}^3/\text{s}) 2,5^\circ\text{C}. \text{ Af þessu sést að: } X = 2,25 \text{ m}^3/\text{s}$$

Með þessum útreikningum fæst að heildarmagn hlíja straumsins í Þóristungum er  $2,25 \text{ m}^3/\text{s}$ . Að

viðbættum áðurnefndum  $2 \text{ m}^3/\text{s}$  í lindum í Sporð-öldu-, Bæjar- og Köldukvísl verða þetta rúmir  $4 \text{ m}^3/\text{s}$ . Lekinn úr vatninu er því um  $13.4 - 9 \text{ m}^3/\text{s}$ .

Við vatnsborðshækun í Þórisvatni eykst lekinn. Aukningin kemur einkum fram í Álftafitjakvísl og Stóragilskvísl. Við Þórisós hefur lekinn hins vegar minnkað vegna þettingar undir stíflunni en við Vatnsfellsskurð koma fram nýjar lindir. Rennslis-aukning verður í Útkvísl og Blautukvísl en hún stafar stafar að mestu af bakvatnsáhrifum. Vatnaskil (1983) hafa áætlað viðbótarlekann  $2,6 \text{ m}^3/\text{s}$  að meðaltali.

Vatnsbúskapur Þórisvatns ræðst af jöfnunni góðu:

$$\text{Lindarennсли} + \text{yfirborðsinnrennsli} + \text{vatnsjöfnuður} = \text{Útrennsli} + \text{leki.}$$

Ef lindarennсли er nú reiknað út frá þeim stærðun sem hér hafa verið settar fram fæst:

$$X + 1 + 1 = 12 + 9 ==> X = 19 \text{ m}^3/\text{s}$$

Reikningar þessir eru heldur ónákvæmir, því áætla þarf ýmsa þætti. Þeir gefa þó sæmilega hugmynd um þær stærðagráður sem í hlut eiga.

## HEIMILDIR

Árni Hjartarson 1986: *Búrfell - Langalda, vatnafarskort 3540 V.* Orkustofnun - Landsvirkjun, Reykjavík.

Árni Hjartarson og Snorri P. Snorrason 1985: *Þórisvatn. Berggrunnur, grunnvatn, straumar og lindir.* OS-85028/VOD12-B. Orkustofnun, Reykjavík.

Elsa G. Vilmundardóttir, Snorri P. Snorrason, Guðrún Larsen og Águst Guðmundsson 1988: *Berggrunnskort Sigalda - Veiðivötn 3340 B.* Orkustofnun, Vatnsorkudeild - Landsvirkjun, Reykjavík.

Makús Á. Einarsson 1976: *Veðurfar á Íslandi.* Iðunn, Reykjavík.

Sigurjón Rist 1968: *Rennslismælingar 1947-1966.* Síðari hluti. Orkustofnun, Vatnamælingar.

Verkfræðistofan Vatnaskil 1983: *Þórisvatn II. Grunnvatnsathugun á svæði Þóristungna, Rjúpnadals og Þórisóss.*